



# FLE fréttir

23. febrúar 2024

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 2 / 2024



Sæl öll,

Það hefur verið nóg um að vera hjá okkur hér á skrifstofunni á Suðurlandsbrautinni. Fyrir í þessum mánuði hittum við t.d. allar fastanefndir félagsins og stilltum upp verkáætlun fyrir árið fyrir allar nefndir og skrifstofuna. Auk fréttaskrifa og hefðbundinna skrifstofustarfa höfum við einnig verið að vinna í stefnumótun félagsins, sem brátt verður kynnt félagsmönnum, skipulagningu viðburða og útlitsbreytingum á heimasíðunni auk annarra tilfallandi verkefna.

Áfram hvetjum við félagsmenn til að senda okkur hugmyndir um fréttir og greinar á [fle@fle.is](mailto:fle@fle.is) sem og að dreifa greinum frá félagsmönnum á samfélagsmiðlum.

Bestu kveðjur,

Unnar og Sirrý



Unnar Friðrik Pálsson  
Framkvæmdastjóri, [upalsson@fle.is](mailto:upalsson@fle.is)



Sigríður Ákadóttir  
Rekstrarstjóri, [sirry@fle.is](mailto:sirry@fle.is)

## Breytingar á lögum um endurskoðun og ársreikninga

Með [lögum nr. 6/2024](#) voru gerðar breytingar á [lögum nr. 94/2019](#) um endurskoðendur og endurskoðun og [lögum nr. 3/2006](#) um ársreikninga. Breytingarnar varða endurskoðunarnefndir, heimild ársreikningaskrár til lækkunar eða niðurfellingar sekta, endurskoðendaráð og siðareglur endurskoðenda. Nánari samantekt á breytingunum má nálgast [hér](#) og til viðbótar höfum við tekið saman ítarlega greiningu á lagabreytingunum í [yfirliti yfir lagabreytingar](#) þar sem viðeigandi greinar laganna eru bornar saman fyrir og eftir breytingar ásamt útdrætti úr frumvarpi þar sem fjallað er um ástæður lagabreytinganna.

### Áhersluatriði ársreikningaskrár í eftirliti

Í nóvember síðastliðnum birti ársreikningaskrá [áhersluatriði](#) í eftirliti vegna ársreikninga 2023. Áhersluatriðin taka mið af atriðum sem upp hafa komið við eftirlit með reikningsskilum á síðustu árum auk nýlegra breytinga á lögum, reglugerðum og reikningsskilareglum. Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér áhersluatriðin.

Neðst í fyrirmynd FLE að [endurskoðunaráritun](#) er málsgrein sem byggir á ISA 700.42-44 þar sem endurskoðandinn veitir staðfestingu á upplýsingum í skýrslu stjórnar í samræmi við 2. mgr. 104 gr. laga nr. 94/2019.

### Heimasíða og myndir af félagsmönnum

Þessa dagana erum við á skrifstofunni að vinna að því að endurbæta heimasíðu félagsins. Í því sambandi viljum við benda félagsmönnum á að margar myndir í félagatalinu eru orðnar mjög gamlar. Þeir sem það vilja geta sent okkur nýja mynd á [fle@fle.is](mailto:fle@fle.is). Til gamans má sjá í [fréttinni](#) á innri vef myndir úr félagatali af framkvæmdastjóra og formanni félagsins, annars vegar nýjar myndir og hins vegar gamlar. Athygli vekur hversu vel framkvæmdastjóri og formaður eldast og er erfitt að átta sig á því hverjar myndanna eru gamlar og hverjar nýjar.

### Sæmundur Valdimarsson skipaður í reikningsskilaráð

Á dögnum tók Sæmundur Valdimarsson við af Unnari Friðriki Pálssyni sem fulltrúi FLE í reikningsskilaráði. Sæmundur varð löggiltur endurskoðandi árið 1992. Hann er einn af eigendum KPMG ehf. þar sem hann hefur starfað frá árinu 1998.

[Hér](#) má finna nánari upplýsingar um hlutverk reikningsskilaráðs. Á [heimasíðu](#) reikningsskilaráðs er að finna reglur sem reikningsskilaráð hefur gefið út, leiðbeiningar um upplýsingar í skýrslu stjórnar og annað gagnlegt efni.

### Nýjar greinar á heimasíðu

Á heimasíðu FLE eru tvær nýjar og áhugaverðar greinar sem við hvetjum félagsmenn til að lesa og deila áfram á samfélagsmiðlum.

#### [Flokkunarreglugerð ESB](#)

Margrét Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri í sjálfbærni- og loftlagsmálum hjá Deloitte, skrifaði um flokkunarreglugerð ESB.

### [Tvíþætt mikilvægismat](#)

Greinin fjallar um tvíþætt mikilvægismat tengt sjálfbærnimálum og er eftir Svanhildi Skúladóttur, endurskoðanda hjá KPMG og Hildi T. Flóvenz, sérfræðing í sjálfbærniteymi KPMG.

## Viðburðir fram undan

### [Morgunkorn – Mun ný tegund gervigreindar gjörbylta endurskoðun og bókhaldi?](#)

Í þessu erindi mun Tryggvi Freyr Elínarson, þróunarstjóri og sérfræðingur tæknilausna hjá Datera, skoða hvaða áhrif ný kynslóð gervigreindar mun hafa á endurskoðun, bókhald, fjársýslu og aðra anga innan okkar geira. [SKRÁ MIG HÉR!](#)

Félagsmönnum, sem vilja hita sig upp fyrir morgunkornið, má benda á þetta nýlega [myndband](#) frá Alþjóðasamtökum endurskoðenda ([IFAC](#)).

### [Morgunkorn um löggildingarprófin](#)

Þann 21. mars verður haldið morgunkorn um löggildingarprófin þar sem Jón Arnar Baldurs, formaður prófnefndar, fjallar um löggildingarprófin. [SKRÁ MIG HÉR!](#)